



Fundargerð

1332. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, fjarfundur
19. ágúst 2021, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét A. Sanders, Ríkhartur Ibsen, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Árshlutauppgjör Reykjaneshæjar (2021040552)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds komu inn á fundinn og kynntu drög að árshlutareikningi Reykjaneshæjar fyrir tímabilið janúar til júní 2021.

2. Fjárhagsáætlun 2022-2025 (2021060488)

Regína Fanný Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds mættu á fundinn. Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlana 2022-2026.

3. Frávik vegna fjárhagsáætlunar fræðsluviðs 2021 (2020060158)

Regína Fanný Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað um frávik frá fjárhagsáætlun fræðsluviðs fyrir árið 2021.

4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021 (2020060158)

Regína Fanný Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs mættu á fundinn.

Bæjarráð samþykkir viðauka I við fjárhagsáætlun 2021 og breytingar á fjárheimildum á grundvelli hennar.

5. Staðsetning næsta grunnskóla Reykjaneshæjar (2021080327)

Regína Fanný Guðmundsdóttir fjármálastjóri, Helgi Arnarson sviðsstjóri og Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mættu á fundinn og kynntu tillögur að uppbyggingu grunnskóla miðað við vaxtarsvæði innan bæjarfélagsins.



Bæjarráð samþykkir framlagða tillögu um að hefja skipulagsvinnu varðandi uppbyggingu grunnskóla.

6. Ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda (2020100016)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn.

Bæjarráð vísar erindinu til sviðsstjóra umhverfissviðs til afgreiðslu.

7. Umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi – Fjörheimar félagsmiðstöð (2021080230)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

8. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Casablanca ehf. Suðurgötu 29 (2021070161)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til sölu gistingar í flokki II. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

9. Umsögn vegna rekstrarleyfis – TF SUD ehf. Keilisbraut 747 (2021070146)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til sölu gistingar í flokki II. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.